

Vefrit fjármálaráðuneytisins

9. febrúar 2006

Ný stefna fjármálaráðuneytisins tekur gildi

Nýlega lauk í fjármálaráðuneytinu stefnumótunarvinnu sem m.a. fól í sér að hlutverk, markmið, gildi og framtíðarsýn ráðuneytisins voru endurskilgreind í ljósi margvíslegra breytinga sem orðið hafa á starfsumhverfi ráðuneytisins á síðustu árum.

Samkvæmt stefnu fjármálaráðuneytisins eru meginmarkmið ráðuneytisins og viðmið í starfsemi þess eftirfarandi:

- stöðugleiki í efnahagslífi og góð lífskjör í landinu,
- jafnvægi ríkissjóðs til lengri tíma litið,
- hagkvæmt og skilvirkt skattaumhverfi,
- ábyrg og árangursrík stjórn ríkisfjármála,
- gagnsær rekstur ríkisins og einfalt skipulag,
- að ríkið hafi á að skipa starfsfólki í fremstu röð sem býr við gott starfsumhverfi,
- að ráðuneytið veiti örugga þjónustu með áherslu á fagleg vinnubrögð.

Framtíðarsýn ráðuneytisins er sem hér segir:

- Fjármálaráðuneytið vill auka samkeppnishæfni íslensks samfélags og stuðla að bættum lífskjörum í landinu.
- Fjármálaráðuneytið vill vera vettvangur nýrra hugmynda og aðferða við úrlausn opinberra verkefna.
- Fjármálaráðuneytið vill vera eftirsóttur vinnustaður með hæfu og vel menntuðu starfsfólki.


Nálgast má nánari upplýsingar um stefnu ráðuneytisins á vefsíðu þess ([hér](#)).

Innflutningur í janúar 2006

Samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts reyndist vöruinnflutningur nema um 25,5 milljörðum króna í janúar. Tólf mánaða hækkun, miðað við þriggja mánaða staðvirk meðaltal var því um 41%.

Innflutningur dregst yfirleitt saman í janúarmánuði út af lokum jólaferisvinnu en í ár gekk það ekki eftir. Innflutningur jókst nokkuð milli desember og janúar eða um 2,5 milljarða en án skipa og flugvéla var aukning nokkuð minni. Mikilvægur þáttur í auknu innflutningsverðmætti milli mánaða eru kaup á eldsneytisbirgðum. Að auki jókst innflutningur á unnum rekstrarvörum. Talsvert minna var flutt inn af neysluvörum í janúar en þar er á ferðinni árstíðarsveifla í kjölfar jólaferisvinnu. Innflutningur á bifreiðum stóð í stað en telst þó enn vera á nokkuð háu stigi miðað við innflutning fyrri ára. Nokkur aukning var hins vegar í innflutningi á flutningstækjum til atvinnurekstrar. Inn-

Vöruinnflutningur að raunvirði



flutningur á fjárfestingarvörum minnkaði aðeins frá því í desember 2005 en er þó talsvert meiri en hann var í janúar 2005.

Á heildina litið virðist innflutningur enn vera nokkuð mikill í janúar og sýnir ekki mörg merki um að minnka í bráð. Almennt séð er þó gert ráð fyrir hægari vexti innflutnings á árinu, í takt við þróun stóriðju-framkvæmda og vænta gengislækkun krónunnar.


Afnám eignarskatts er mikil kjarabót fyrir aldraða

Eins og kunnugt er var eignarskattur lagður af um síðastliðin áramót. Nýlega svaraði fjármálaráðherra fyrirspurn um hlut eldri borgara í greiðslu eignarskattsins. Í svari hans kom fram að við síðustu álagningu var þeim sem eru 67 ára og eldri ætlað að greiða um 650 m.kr. í eignarskatt en álagning hans á einstaklinga nam alls 2,8 milljörðum króna.

Eins og víða annars staðar hafa Íslendingar bætt við sig eignum eftir því sem þeir eldast. Þetta á þó síður við elstu núlífandi kynslóð, þá sem fæddir eru fyrir 1930, en þeir eiga minni eignir en þær kynslóðir sem á eftir koma. Stafar þetta m.a. af því að þegar elsta kynslóðin var á þeim aldri sem fólk eykur eignir sínar mest voru minni tækifæri til eignamyndunar vegna þess að ekki var hægt að verðtryggja sparnað. Auk þess var þjóðin mun efnaminni þegar þessi kynslóð var upp á sitt besta á vinnumarkaði.

Á meðfylgjandi mynd má sjá hve miklu máli afnám eignarskattsins skiptir eldri borgara. Enda þótt eignarskattur á mann hafi verið hæstur hjá fólki á sextugs- og sjötugsaldri þá var hann hærra hlutfall af tekjum hjá þeim sem eru enn eldri sem endurspeglar áhrifin af lægri tekjum þeirra. Þannig nam eignarskattur sem lagður var á fólk sem fætt er á þriðja áratug síðustu aldar 1,2% af heildartekjum. Afnám hans hjá þessum hópi eykur ráðstöfunartekjur hjóna um rúmlega 1,1% en einhleypa um 1,7%.

Eignarskattur árið 2005 eftir aldri framteljenda



Spá um framboð vinnuafis 2006

Fjármálaráðuneytið gerir spár um framboð vinnuafis í þjóðhagsspá og sú spá er grunnur atvinnuleysishlutfallsins sem Vinnuálastofnun gefur út í hverjum mánuði. Áætlunin er gerð í ársverkum en þau eru mat á vinnuafli. Í spá ráðuneytisins fyrir árið í ár er áætlað að framboðið vinnuafli (sem eru bæði starfandi og atvinnulausir) aukist um 3,0% frá fyrra ári. Vinnuaflið óx hins vegar um 4% árið 2005 sem er mun meira en áætlað var í upphafi árs. Það sem útskýrir fjölgunina í ár er bæði fjölgun fólks á starfsaldri og nokkur aðflutningur erlends vinnuafis til Austfjarða. Þess má geta að framboð vinnuafis sveiflast yfir árið. Það er minnst yfir vetrartímann og mest yfir hásumarið. Nánari upplýsingar er að finna í [töflu](#) sem sýnir áætlað framboð vinnuafis mælt í ársverkum eftir landshlutum, kyni og mánuðum.

Tekjur ríkissjóðs janúar–desember		
12 mánaða breyting (%)	2004	2005
Skatttekjur alls	13,1	20,7
Skattar á tekjur og hagnað	10,7	22,7
Tryggingagjöld	11,1	16,2
Eignarskattar	38,8	23,7
Veltuskattar	13,4	20,3
Tekjur alls	8,1	42,2

Gjöld ríkissjóðs janúar–desember		
12 mánaða breyting (%)	2004	2005
Almenn mál	3,7	7,9
Félagsmál	6,4	6,9
Atvinnuálag	2,6	4,6
Vaxtagjöld	-12,5	35,2
Önnur útgjöld	3,2	49,3
Gjöld alls	4,3	10,0

Afkoma ríkissjóðs janúar–desember		
Milljónir króna	2004	2005
Handbært fé frá rekstri	-292	32.014
Hreinn lánsfjárfjöldur	22.408	81.888
Afborgun lána	-32.477	-62.305
Br. lánsfjárfjöldur	-17.569	14.101
Lántökur	25.867	10.234
Greiðsluafkoma	8.298	24.335

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Verðbólga (jan. '06)	4,0	4,4
Kjarnaverðb. 1 (jan. '06)	4,0	4,3
Launavísitala (des. '05)	6,0	7,2
Heildarvelta (jan.-okt. '05)	10,0	9,5
Smás.velta (jan.-okt. '05)	4,5	5,2
Atvinnuleysi (des. '05)	2,7	1,7